

Ed.

204. Nefndarálit

um frumvarp til laga um sölu á kirkjujörðinni Upsum í Svarfdælahreppi í Eyja-
fjarðarsýslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Þó það sje einhuga álit nefndarinnar, að alt of langt hafi verið gengið í því efni á undanförunum árum að selja kirkjujarðir og aðrar jarðeignir landsins, og það fyrir óhæfilega lágt verð, og að nauðsyn reki því til, að varlega sje farið í þeim sökum framvegis, þá treystir nefndin sjer þó ekki til að leggjast á móti því, að Svarfdælahreppi verði seld kirkjujörðin Upsir, vegna nauðsynjar þeirrar, er á því mun vera fyrir hreppinn að fá jörðina keypta, vegna þorpsbúa í Dalvík.

Jörðin Upsir er að fornu fari höfuðból og má enn þá teljast kostajörð, fyrir margra hluta sakir, þó í niðslu hafi verið síðustu árin, eins og margar aðrar kirkjujarðir og prestsetur; hefir t. d. gott tún, ef því væri sómi sýndur, engjar dágóðar, beitiland ágætt og trjáreki hefir verið þar, og mun enn vera, til töluverðra nota. Telja má einnig jörð þessari til gildis, að hún liggur vel við samgöngum og þaðan er gott til sjófanga.

Það getur því ekki verið álitamál um það, að jörð þessa, með kúgildum og öllum öðrum »gögnum og gæðum«, er henni fylgja, beri ekki að selja mjög lágu verði. Nefndin leyfir sjer því að láta það álit sitt í ljós, að söluverð jarðarinnar megi alls ekki fara niður úr 16 þúsund krónum.

Þess má geta, að leitað hefir verið álits sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu um sölu jarðarinnar, og að sýslunefndin mælir eindregið með sölunni.

2. grein frumvarpsins virðist með öllu óþörf og óviðeigandi og á að falla burt.

Í samræmi við það, er sagt hefir verið hjer að framan, leyfir nefndin sjer að leggja það til, að háttvirt deild samþykki frumvarpið með þessari

BREYTINGU:

2. grein frumvarpsins falli burt.

Alþingi, 30. mars 1921.

Hjörtur Snorrason,
form. og ritari.

Sigurður Jónsson,
framsögumaður.

Guðm. Ólafsson,
fundaskrifari.